



03.08.2023

Dýralæknavottorð

Til þess er málið varðar

Efni:Hryssan Gípa frá Lágafelli Is 2003284277 ID 352098100003158

Forsaga: Undirritaður var fenginn þann 5/9 2022 af eiganda hryssunnar Sæunni Þóru Þórarinsdóttur til þess að komast að ástæðu dauða hennar. En hún drapst í kjölfar blóðtöku. Sæunn hafði að eigin sögn misst fleiri merar í kjölfar blóðtöku á vegum Ísteka sumarið 2022. Sæunn sem hefur verið blóðbóndi til margra ára sagði að hún hefði aldrei lent í öðru eins.

Lýsing: Hryssan var með sjáanlega blæðingu úr nefi og stungusár á hálsi vinstra megin. Undirritaður fylgdi stungusárinu inn með hníf og sá að merin hafði verið stungin um sama gat á húð ítrekað. Ein stunga hafði farið í gegn um hálsæð hryssunnar og inn í barka hennar. Þegar barki hryssunnar var opnaður var hann fullur af blóði.

Niðurstaða: Mistök í blóðtöku/stungu hefur sett gat í gegnum hálsæð en einnig gat á barka merarinnar. Gatið á barkann var það umfangsmikið að þó svo að ekki hafi lengur blætt út um húð hryssunnar þá blæddi ennþá inn í barka hennar og blóðið ekki náð að storkna til að stöðva þá blæðingu. Það að blóð var komið inn í öndunarveg hryssunnar skýrir blóð sem sást í og við nef hennar. Blæðingin hefur svo smá saman fyllt öndunarveg hryssunnar sem drukknar í blóði sínu.

Hjálagt myndir teknar á vettvangi

Virðingafyllst

Guðmar Aubertsson dýralæknir


Guðmar Aubertsson
Dýralæknar Sandhólaferju